

## 87. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í þýskustofu þriðjudaginn 4. desember 2018 kl. 12:50.

*Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Engilbert Olgeirsson, Eydís Indriðadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Una Jónsdóttir, Sunneva Sól Árnadóttir, Ragnheiður Bjarnadóttir (vék af fundi eftir lið 3), Halldór Páll Halldórsson og Áslaug Harðardóttir. Sýlvía Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra, boðaði forföll.*

Dagskrá:

1. Reikningsskil Mötuneytis ML 1. ágúst 2017 – 31. júlí 2018
2. Ársreikningur skólans 2017
3. Áætlun skólans um rekstur og gjöld 2019-2022
4. Umbótaáætlun skólans í kjölfar ytra mats vorið 2018
5. Stefnumótun skólans 2019-2022
6. Önnur mál

Gunnar bauð fólk velkomið og setti fund. Síðan var gengið til dagskrár.

### **1. Reikningsskil Mötuneytis ML 1. ágúst 2017 – 31. júlí 2018**

Ragnheiður, gjaldkeri mötuneytis, fór yfir ársreikning mötuneytisins. Halldór Páll útskýrði nokkur atriði eins og selt fæði til verktaka og fleiri aðila. Það hefur aukist að undanfögnu. Halldór Páll spurði hvort breyta ætti verðlagningu per dag. Hann sýndi á glæru samanburð á gjaldi hjá öðrum framhaldsskólum. ML stendur vel í samanburði.

Gunnar spurði hvort ástæða sé til að hækka þvottahúsgjaldið. Sandra benti á að framundan eru nýir kjarasamningar sem munu hækka rekstrarkostnað. Gunnar lagði til að gjaldskrá mötuneytis og þvottahúss verði hækkuð um 2% frá og með 1. janúar 2019. Tillaga samþykkt. Ársreikningur var samþykktur og undirritaður af aðalmönnum.

### **2. Ársreikningur skólans 2017**

Halldór Páll dreifði eintökum af ársreikningi ML og sýndi á tjaldi samanburð á áætlun og raunverulegri stöðu. Hann fór yfir helstu atriði og útskýrði.

### **3. Áætlun skólans um rekstur og gjöld 2019-2022**

Halldór Páll sýndi áætlunina á tjaldi. Ráðuneytið gerir ráð fyrir nemendafækkun á öllu landinu á næstu árum og endurspeglast áætlunin af því. Eydís spurði um nám fyrir innflytjendur og hvort skólinn þyrfti að undirbúa sig sérstaklega fyrir móttöku slíkra nemenda. Halldór Páll sagði að skólinn leysi hvert tilvik fyrir sig. Ekki er sértakt nám í boði fyrir þessa nemendur. Nokkrar umræður sköpuðust um mögulega aukningu á námsframboði, m.a. áfangi fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Einnig velti Halldór Páll upp hugmyndum um að bjóða upp á ferðamálalínu.

#### **4. Umbótaáætlun skólans í kjölfar ytra mats vorið 2018**

Skólameistari dreifði afritum af umbótaáætluninni, fór yfir og útskýrði. Búið er að skila henni til ráðuneytisins.

#### **5. Stefnumótun skólans 2019-2022**

Halldór Páll sýndi stefnumótunina á tjaldi og fór yfir helstu atriðin. Til að mynda er brotthvarf mjög lítið. Vorið 2017 útskrifuðust 64% nemenda sem hófu nám fjórum árum áður. Vorið 2018 var hlutfallið 86%. Það vor útskrifuðust nemendur bæði eftir fjögurra og þriggja ára nám. Þetta hlutfall er hátt miðað við aðra framhaldsskóla.

Gunnar velti því upp hvort ástæða sé til að hafa vinnudag þar sem skólanefndin og starfsfólk ræði saman um stefnu skólans, með tilliti til þriggja ára kerfisins. Rætt um að hafa það í huga næsta haust.

#### **6. Önnur mál**

Til kynningar: Skólameistari fór yfir heildarniðurstöður síðasta áfangamats í skólanum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45.

Áslaug ritaði fundargerð